

Leikn samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi

Skólavegi 1

230 Reykjanesbæ

Nefndasvið Alþingis

Menntamálanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjanesbæ 25. mars 2009

Umsögn um frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa. Lagt fyrir Alþingi á 136. löggjafarþingi 2008-2009.

Leikn samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

Almennar athugasemdir

Leikn fagnar frumvarpi til laga um náms- og starfsráðgjafa. Leikn styður eindregið framlagt frumvarp og telur það fela í sér staðfestan vilja stjórnvalda og yfirvalda menntamála til að efla náms- og starfsráðgjöf. Með frumvarpinu er verið að tryggja að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inni í skólakerfið og atvinnulífið, fagþekking sem tryggir ákveðin gæði þjónustu og að hagsmunir ráðþega séu í fyrirrúmi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

1. gr.

Menntun náms- og starfsráðgjafa hefur verið að þróast undanfarin ár á Íslandi. Í ljósi þróunar á menntun náms- og starfsráðgjafa á Íslandi lítur Leikn svo á að leyfi skv. 1. mgr. 1. gr. skuli annars vegar veita umsækjanda sem lokið hefur eins árs diplómagráðu í náms- og starfsráðgjöf (skv. eldra námsskipulagi) og hins vegar umsækjanda sem lokið hefur meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (tveggja ára heildstæðu meistaranámi skv. nýju námsskipulagi HÍ).

f. h. Leiknar

Guðjónína Sæmundsdóttir, formaður